

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 26. maí 2021

Mál nr. S-600/2021:

Héraðssaksóknari

(*Silja Rán Arnarsdóttir saksóknarfulltrúi*)

gegn

Jóhanni Hallgrími Samúelssyni

(*Reynir Þór Garðarsson lögmaður*)

Dómur:

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. maí sl. að lokinni aðalmeðferð, er höfðað af héraðssaksóknara með ákæru dags. 11. mars 2021 á hendur Jóhanni Hallgrími Samúelssyni, kt. 000000-0000, [...], fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa fimmtudaginn 1. janúar 2020 við [...], hrækt á lögreglumann nr. A, sem var við skyldustörf, með þeim afleiðingum að hrákinn lenti á hægri vanga hans. Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í ákærðu segir að atvikið hafi átt sér stað 1. september 2020 en það varð 9. janúar sama ár. Var þetta leiðrétt undir meðferð málsins fyrir dómi. Breytir þetta engu um afgreiðslu málsins enda varð vörn ákærða ekki áfátt vegna þessa, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins en til vara, komi til sakfellingar, verði hann dæmdur til þeirrar vægustu refsingar sem lög frekast heimila og hún verði skilorðsbundin. Þá krefst verjandinn þess að allur

sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði þ.m.t. málsvarnarlaun verjandans skv. málskostnaðarreikningi.

II.

Málavextir:

Skömmu fyrir hádegi fimmtudaginn 9. janúar 2020 voru lögglumenn að fjarlægja ákærða frá [...], að ósk húsráðanda. Vegna ölvunarástands og framkomu ákærða þurftu lögglumenn að setja hann í handjárn. Lögglumennirnir voru síðan að leiða ákærða á milli sín frá húsinu og út í lögglubifreið þegar hann sneri sér skyndilega að öðrum lögglumanninum og hrækti í átt að honum og lenti hrákinn að hluta til á hægri vanga lögglumannsins.

Við skýrslutöku hjá lögglu í ágúst 2020 kvaðst ákærði ekki muna eftir atvikum.

III.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði, Jóhann Hallgrímur Samúelsson, kvaðst ekki hafa munað eftir atvikum fyrst eftir að hann var handtekinn umrætt sinn á heimili föður síns en eftir það hafi ýmislegt rifjast upp fyrir honum. Hann kvaðst hafa verið ofurölvi en þegar lögglumenn hafi verið með hann á leið út í lögglubifreið hafi þeir sagt honum að hrækja munntóbaki sem hann hafi verið með og það hafi hann gert. Ákærði kvaðst ekki vita hvar hrákinn lenti þegar hann hrækti en talið að hann hafi hrækt á gangstétt og hann hafi ekki ætlað að hrækja á lögglumanninn. Ákærði kvaðst ekki vita hvers vegna lögglumennirnir hafi sett á hann hrákagrímu þegar hann var kominn í lögglubifreiðina. Ákærða kvaðst hafa liðið illa þegar hann var handtekinn og verið flökurt. Hann taldi sig hafa farið að tilmælum lögglumannanna.

Vitnið og lögglumaður nr. A sagði að lögglu hafi farið að heimili föður ákærða, samkvæmt hans beiðni, til að fjarlægja ákærða vegna drykkju og ofbeldis. Þegar lögglan hafi komið á vettvang hafi ákærði verið sofandi, reynst hafi erfitt að vekja hann og hann verið í ruglástandi. Hann hafi ekki meðtekið fyrirmæli lögglunnar og veitt mótspyrnu. Vegna þess hafi ákærði verið færður í handjárn og þegar lögglumennirnir

hafi verið að leiða hann út í lögreglubifreiðina hafi ákærði snúið sér að vitninu og hrækt í áttina að því og hluti af hrákanum hafi lent á vanga vitnisins. Vitnið hafi sagt við ákærða að hann ætti ekki að hrækja á sig. Vegna þess hafi verið sett hrákagríma á ákærða í lögreglubifreiðinni sem hafi á leiðinni á lögreglustöð verið með samhengislaust rugl og hrækt í hrákagrímuna. Vitnið minntist þess ekki að ákærði hafi verið með munntóbak við handtökuna en væru handteknir menn með munntóbak við handtöku væru þeir venjulega ekki látnir fjarlægja það.

Vitnið og lögreglumaður nr. B sagði að það hafi verið óskað eftir lögreglu að heimili föður ákærða og þegar lögreglan kom á vettvang hafi ákærði verið sofandi. Hann hafi verið mjög ölvaður og lögreglumennirnir þurft að klæða hann í föt. Ákærði hafi verið með mótþróa og því verið færður í handjárn og leiddur út úr húsinu. Þegar þau hafi nálgast lögreglubifreiðina hafi ákærði snúið sér að hinum lögreglumanninum sem hafi þá sagt þú hrækir ekki á mig. Lögreglumaðurinn hafi sagt vitninu að ákærði hafi hrækt á lögreglumanninn og honum hafi ekki tekist að snúa sér alveg undan og hluti af hrákanum hafi lent á vanga lögreglumannsins. Vitnið minntist þess ekki að ákærði hafi verið munntóbak þegar hann var handtekinn og vitnið minnti að hann hafi hrækt í hrákagrímuna.

IV.

Niðurstæða:

Ákærði mundi ekki eftir atvikum umrætt sinn þegar skýrsla var tekin af honum hjá lögreglu vegna málsins 24. ágúst 2020. En við skýrslutöku fyrir dómi sagði ákærði að það hefði ýmislegt rifjast upp fyrir honum m.a. að hann hafi hrækt munntóbaki út úr sér samkvæmt fyrirmælum lögreglu og líklega hrækt á gangstétt. Hann hafi alla vega ekki ætlað að hrækja á lögreglumanninn og hann vissi ekki hvers vegna lögreglumennirnir settu á hann hrákagrímu. Ákærði kvaðst hafa verið mjög ölvaður við handtökuna. Af upptökum úr búkmyndavélum lögreglumannanna sem handtóku ákærða má ráða að ákærði hafi verið verulega ölvaður og því mjög sennilegt að hann muni ekki eftir atvikum umrætt sinn. Því er dregið í efa að hann hafi frekar munað eftir atvikum við skýrslutöku fyrir dómi frekar en í ágúst 2020 þegar skýrsla var tekin af honum hjá lögreglu. Þá mundi hvorugur lögreglumannanna, sem stóðu að handtöku ákærða, eftir því að ákærði hafi

verið með munntóbak þegar hann var handtekinn né að honum hafi verið gefin fyrirmæli um að losa sig við það. Með tilliti til þessa þykir ekki byggjandi á framburði ákærða og verður hann ekki lagður til grundvallar þegar komist verður að niðurstöðu í málinu.

Lögreglumaður, sem stóð að handtöku ákærða, hefur lýst því að ákærði hafi fyrirvaralaust hrækt í áttina að honum og hrákinn hafi að hluta til lent á vanga lögreglumannsins. Hinn lögreglumaðurinn hefur skýrt frá því að þá hafi lögreglumaðurinn, sem ákærði hrækti á, sagt þú hrækir ekki á mig. Þá liggur fyrir að lögreglumennirnir settu hrákagrímu á ákærða þegar hann hafði verið settur inn í lögreglubifreiðina. Ekkert í málinu þykir benda til þess að ástæða sé til þess að draga í efa framburð lögreglumannsins, sem ákærði hrækti á, enda fær hann stoð í framburði hins lögreglumannsins og því að lögreglumönnum þótti ástæða til að setja hrákagrímu á ákærða í lögreglubifreiðinni. Þykir því hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar með brotið gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði ákærða dags. 1. mars 2021 hefur hann ekki áður sætt refsingu. Með vísan til þess þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til umfangs málsins og tímaskýrslu verjanda ákærða skal ákærði greiða málsvarnarlaun verjanda síns, Reynis Þórs Garðarssonar lögmanns, 682.000 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti. Annan sakarkostnað leiddi ekki af rekstri málsins.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Hallgrímur Samúelsson, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Reynis Þórs Garðarssonar
lögmanns, 682.000 kr.

Ingi Tryggvason